Varir þegja

Texti: Karl Ísfeld / Egill Bjarnason

Lag: Franz Lehár

Íslensk þýðing úr óperettunni Kátu ekkjunni; þýðendur samkvæmt tónleikaskrá.

Varir þegja.
Vildu segja:
Unn þú mér.
Fiðlur hljóma,
Enduróma:
Ann ég þér.
Handtak hlýtt mér tjáir
Heitt þú elskir mig.
Eitt er víst, já, eitt er víst:
Ég elska þig!
Í valsinn fegin flýg
Og frjáls hvert spor ég stíg,
Svo létt af lífi og sál,
Svo spyr, svo spyr mitt hjartans mál:
Ertu minn? Já ertu minn?
Þá endurómar: Ég er þinn
Og elska þig, já þig,
Ég elska þig.
Handtak hlýtt mér tjáir
Heitt þú elskir mig.
Eitt er víst, já, eitt er víst:
Ég elska þig!

Höfundaskráning: https://www.sinfonia.is/media/tonleikaskrar-2024/2025/Klassikin.pdf

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.